



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 8. júní 2026  
**2606594/502.00 GEF**

**Efni: Stöðvarhvarf 10 og Skýjahvarf 11-19. Beiðni um heimild til framsals.**

Á fundi bæjarstjórnar 3. júlí 2025 var samþykkt að úthluta lóðunum Stöðvarhvarfi 10 og Skýjahvarfi 11-19 til Tildru byggingarfélags ehf. og tilkynning þar um send til aðila þann 16. og 18. júlí s.á. Stöðvarhvarf 10 er fjölbýlishúsalóð þar sem gert er ráð fyrir fjórum íbúðum og Skýjahvarf 11-19 er fimm íbúða raðhúsalóð.

Lóðarhafi óskar eftir heimild til að framselja eignarhaldi lóðanna að Stöðvarhvarfi 10 og Skýjahvarfi 11-19 til Skýjahvarfs ehf. kt. 420323-0690, félags í eigu Tildru byggingarfélags ehf.

Í erindi lóðarhafa segir að beiðnin sé eingöngu byggð á skipulags- og rekstrarlegum forsendum. Óskað sé eftir að flytja lóðirnar í sérstakt verkefnafélag sem nýtist fyrir lántökur, fjármögnun, samningagerð við verktaka og undirverktaka sem og önnur málefni sem tengjast framkvæmd og sölu eignanna. Það að framselja lóðunum inn í verkefnafélag veiti lóðarhafa sveigjanlegri möguleika til fjármögnunar og samningsgerðar, auk þess sem það einfaldar ut anumhald og umsýslu verkefnisins.

Samkvæmt framangreindum rökstuðningi er verið að tryggja góðan framgang á verkefninu. Það þjónar bæði hagsmunum Kópavogsbæjar sem og öðrum lóðarhöfum í Vatnsendahvarfi að framkvæmdir gangi vel og dragist ekki úr hófi.

Með hliðsjón af framangreindu sér undirrituð ekki meinbugi á því að heimila framsal á lóðunum Stöðvarhvarfs 10 og Skýjahvarfs 11-19 til verkefnafélagsins, Skýjahvarfs ehf. kt.420323-0690, sem er í 100% eigu núverandi lóðarhafa.

Virðingarfyllst,

*Guðrún Edda Finnbogadóttir*

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

